

Nr. 3/1894:

Eyjólfur Jónsson og börn hans,
Jón, Eyjólfur, Þórarinn, Bjarni,
Katrín og Ingibjörg
gegn

sýslumanninum í Kjósar- og
Gullbringusýslu, Franz Siemsen,
sem skiptaráðanda í dánar- og
fjelagsbúi Ingibjargar Þórarins-
dóttur og Eyjólf Jónssonar.

D ó m u r :

Í máli þessu hafa áfrýjendurnir með stefnu, útgef-
inni 9. janúar þ. á., skotið til yfirdómsins skiptum á
dánar- og fjelagsbúi Ingibjargar Þórarinsdóttur og ept-
irlifandi manns hennar, áfrýjandans Eyjólf Jónssonar,
er voru leidd til lykta af skiptarjetti Kjósar- og Gull-
bringusýslu 6. nóv. f. á., og jafnframt úrskurði skipta-
rjettarins í búinu, uppkveðnum 11. nóv. 1892, er kveð-
ur svo á, að samningur, gjörður 20. marz 1889, milli
Eyjólf Jónssonar og barna hans, en þau og hann eru
áfrýjendur þessa máls, verði eigi tekinn til greina við
skiptin, og hafa þeir krafizt þess, að þessi úrskurður
verði felldur úr gildi, að skiptagjörðin, sem er byggð á
úrskurðinum, verði dæmd ómerk, að skiptaráðandi verði
skyldaður til að taka samninginn frá 20. marz 1889 til
greina við skiptin, og að hann verði fyrir búsinis hönd
dæmdur til að greiða áfrýjendunum 50 kr. í málskostn-
að eða einhverja nægilega upphæð. Skiptaráðandinn,
sýslumaður Franz Siemsen, sem stefnt hefur verið í
málinu til andsvara fyrir búsinis hönd, hefur krafizt
þess, að yfirdómsstefnunni verði vísað frá rjetti, og að
honum verði tildæmd hæfileg þóknun í kost og tæring,

en hefur að öðru leyti eigi veitt andsvör um aðalefni sakarinnar, en beiðt til vara 2 vikna frésts í því skyni.

Við skiptarjettarhaldið 11. nóv. 1892 mættu þrír skuldheimtumenn dánar- og fjelagsbús Ingibjargar Þórarinsdóttur, og mótmæltu því, að samningurinn 20. marz 1889 væri tekinn til greina, og með skýrskotun til þessara mótmæla úrskurðaði skiptarjetturinn sama dag, að samningurinn yrði eigi tekinn til greina við skipti á búinu. Þar sem þessum skuldheimtumönnum, sem eru rjettir málsaðilar, eigi hefur verið stefnt við áfrýjun úrskurðarins, en með honum standa og falla skiptin öll í heild sinni, verður að frávísa yfirdómsstefnunni eptir kröfu stefnda. Eptir þessum úrslitum málsins þykir rjett að áfrýjendurnir in solidum greiði stefnda hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi, er ákvedst 10 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Yfirdómsstefnunni vísast frá rjetti. Áfrýjendurnir Eyjólfur Jónsson, Jón Eyjólfsson, Eyjólfur Eyjólfsson, Þórarinn Eyjólfsson, Bjarni Eyjólfsson, Katrín Eyjólfsdóttir og Ingibjörg Eyjólfsdóttir greiði in solidum hinum stefnda skiptaráðanda, sýslumanni Franz Siemsen, sem málskostnað fyrir yfirdómi 10 —tíu—krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.